



EFNAHAGSLEG ÁHRIF COVID-19

COVID-kreppan og ójöfnuður á Íslandi

JÚNÍ 2021

COVID-kreppan og ójöfnuður á Íslandi

Skýrsla sérfræðingahóps verkalýðshreyfingarinnar
um efnahagsleg áhrif veirufaraldurs

Inngangur

Á fyrstu árum þessarar aldar voru teknar pólitískar ákvarðanir sem urðu til þess að ójöfnuður jókst gríðarlega á aðeins nokkrum árum. Þar á meðal voru ákvarðanir um aukna markaðsvæðingu, einkavæðingu, lækkun skatta á fjármagnstekjur og aukið frelsi á fjármálamarkaði, auk breytinga á tilfærslukerfum og velferðarkerfinu. Var þannig horfið af þeirri braut sem áður hafði verið mörkuð og var í anda hins norræna jafnaðarsamfélags. Með hruni fjármálakerfisins haustið 2008 dró úr ójöfnuði á ný, m.a. vegna eignataps, lækkunar hæstu tekna og breytinga sem gerðar voru á skattkerfinu sem fólust meðal annars í þrepaskiptingu tekjuskatts og hækkun fjármagnstekjuskatts.

Í þessari skýrslu er fjallað um ójöfnuð á Íslandi í samhengi við COVID-kreppuna. Vísbendingar eru um að ójöfnuður fari á ný vaxandi hér á landi og er sú þróun þvert á þjóðarviljann eins og hann hefur birst í könnunum um langt skeið. Hætt er við að COVID-veirufaraldurinn hraði þessari þróun, ekki síst þar sem afleiðingar hans, tekjufall og atvinnuleysi, koma verr niður á fólki í lægri tekjuhópum. Á sama tíma hefur kaupmáttur aukist hjá þeim sem ekki hafa orðið fyrir teljandi skakkaföllum af völdum veirunnar.

Þau sem eiga hlutabréf hafa séð eignir sínar vaxa óvenju hratt á krepputímanum og húsnæðiseigendur hafa notið góðs af lágum vöxtum og minnkaðri greiðslubyrði á sama tíma og fasteignaverð hefur snarhækkað. Þetta eykur ójöfnuð í eignaskiptingu. Niðurstaðan er aukið misræmi í afkomu ólíkra samfélagshópa.

Sérfræðingahópur verkalýðshreyfingarinnar hefur varað við því í fyrri skýrslum sínum að afleiðingar COVID-kreppunnar geti orðið langvinnar. Greinendur eru margir sammála um að hætta sé á að atvinnuleysi verði áfram tiltölulega hátt og þá meira en almennt hefur talist ásættanlegt á Íslandi. Atvinnuleysi jókst hér meira en í flestum nágrannalöndum Íslands. Þá ber að hafa í huga að þeir hópar sem verst hafa orðið úti voru í veikri stöðu fyrir. Þetta á t.a.m. við um ungt fólk og aðflutt verkafólk í láglau nastörfum. Langtímaatvinnuleysi þúsunda manna eykur ójöfnuð og skapar hættu á frekari jaðarsetningu til frambúðar.

Kófið varpar ljósi á þann ójöfnuð og aðstöðumun sem fyrir er í samfélaginu og þá vaxandi gliðnun sem á sér stað milli ólíkra hópa þrátt fyrir þær efnahagsaðgerðir sem gripið hefur verið til. Ójöfnuður á sér fleiri birtingarmyndir en krónur í launaumslagi. Þannig leiddi nýleg könnun Vörðu – rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins m.a. í ljós erfiða stöðu atvinnulausra og innflytjenda og neikvæð áhrif fátækta á heilsu þessara hópa.

Ójöfnuður á sér fleiri birtingarmyndir en krónur í launaumslagi

Um sérfræðingahópinn

Til að bregðast við áhrifum COVID-kreppunnar ákváðu heildarsamtök launafólks að skipa hóp sérfræðinga til að leggja mat á efnahagslegar afleiðingar hennar. Hópnum er ætlað að horfa sérstaklega til viðkvæmra og jaðarsettra hópa og fjalla um að hvaða leyti aðgerðir stjórnvalda geta haft áhrif á jöfnuð og félagslegt réttlæti. Hópurinn tók til starfa í september 2020. Í greiningum sínum og skýrslum hefur hópurinn leitast við að kortleggja áhrif faraldursins á mismunandi þjóðfélagshópa og lagt áherslu á aðgerðir til að fyrirbyggja langtímaskaða og framkalla öfluga viðspyrnu. Í fjórðu skýrslu sinni sem fjallaði um opinber fjármál birti hópurinn greiningu á nokkrum helstu undirstöðureglum opinberra fjármála í ljósi samdráttar og atvinnuleysis og færði rök fyrir því grundvallarsjónarmiði að niðurskurður á krepputímum sé óráðlegur líkt og alþjóðastofnanir viðurkenna nú.

Í sérfræðingahópnum eiga sæti:

Halla Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, formaður.

Ásgeir Brynjar Torfason, doktor í fjármálum.

Guðrún Johnsen, efnahagsráðgjafi VR.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB.

Sigrún Ólafsdóttir, prófessor í félagsfræði.

Stefán Ólafsson, prófessor í félagsfræði.

Ásgeir Sverrisson, sérfræðingur ASÍ, starfar með hópnum.

Arnaldur Sölvi Kristjánsson, hagfræðingur ASÍ, vann með hópnum að gerð þessarar skýrslu.

Í þessari fimmtu skýrslu hópsins er sjónum beint að ójöfnuði á Íslandi með tilliti til efnahagslegra áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru.


Um ójöfnuð og birtingarmyndir hans

Hugtakið ójöfnuður er ekki einfalt og á sér ýmsar birtingarmyndir í félagsfræðilegum og efnahagslegum skilningi. Því er mikilvægt að hafa í huga samspil þátta sem auka ójöfnuð. Ójöfnuður meðal fullvinnandi einstaklinga á vinnumarkaði mælist lítill hér á landi í alþjóðlegum samanburði, en þó er hann heldur meiri en á hinum Norðurlöndunum.¹ Mikil atvinnuþátttaka á Íslandi jafnar tekjudreifingu hér á landi í alþjóðlegum samanburði. Sú mynd tekur hins vegar snarpri breytingu þegar eignir og fjármagnstekjur eru teknar með í reikninginn. Um fjármagnið og afrakstur þess gilda aðrar reglur og lægri skattar en á launatekjur.

Birtingarmynd ójöfnuðar er ekki síst fólgin í eignamun og misskiptingu auðs. Meðaltöl geta því dregið upp ranga mynd af jöfnuði og beina þarf sjónum að mismunandi hópum. Þá getur ójöfnuður einnig mótað félagslegan hreyfanleika sem tengist stétt og uppruna, en ákvarðast einnig af tækifærum í samfélaginu, til dæmis aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu.

Afstaða Íslendinga til ójafnaðar


Ítrekað hefur komið fram í rannsóknum að Íslendingar telja að ójöfnuður sé óæskilega mikill í samfélaginu. Í þjóðmálakönnunum Félagsvísindastofnunar á árunum 1986 til 2010 reyndust um 90% aðspurðra þeirrar skoðunar að launamunur væri of mikill og var litlar hreyfingar að greina á milli ára. Niðurstöður kannana halda áfram að sýna að Íslendingar telja launamunur of mikinn á Íslandi. Umfangsmikilar alþjóðlegar rannsóknir á ójöfnuði (International Social Survey Programme) sem Sigrún Ólafsdóttir og Jón Gunnar Bernburg, prófessorar í félagsfræði, leiða sýna þá niðurstöðu greinilega. Mynd 1 sýnir hlutfall Íslendinga sem voru sammála eða ósammála að launamunur væri of mikill á Íslandi þessi ár. Þar má sjá að heldur fleiri voru sammála þessari staðhæfingu í kjölfar fjármálahrunsins, en engu að síður telur mikill meirihluti Íslendinga að launamunur sé of mikill. Þannig eru um 82% Íslendinga sammála því að launamunur sé of mikill árið 2020 en innan við 7% eru ósammála þeirri staðhæfingu.



Mynd 1 Hlutfall Íslendinga sem eru sammála eða ósammála að launamunur sé of mikill á Íslandi árin 2009 og 2020. Heimild: International Social Survey 2009 og 2020.

¹ Sjá t.d. Sila (2017). „Labour market and collective bargaining in Iceland: sharing the spoils without spoiling the shares.“ OECD Economics Department Working Papers No. 1439.

Það er einnig skýrt að stór hluti Íslendinga telur það vera hlutverk stjórnvalda að draga úr launamun og mjög litlar breytingar hafa orðið á hlutfalli þeirra á milli 2009 og 2020. Mynd 2 sýnir hlutfall Íslendinga sem eru sammála eða ósammála að það sé ábyrgð stjórnvalda að draga úr launamun. Niðurstöðurnar sýna að rúmlega 70% Íslendinga eru sammála að stjórnvöld séu ábyrg fyrir að draga úr launamun bæði árin og innan við 15% eru ósammála þeirri staðhæfingu. Árið 2020 var einnig spurt hvort almenningur teldi að stjórnvöld hefðu náð árangri í því að draga úr launamun og voru einungis um 7% sem töldu að árangur hefði náðst á því sviði á meðan ríflega 60% töldu að svo væri ekki.



Mynd 2 Hlutfall Íslendinga sem er sammála eða ósammála að það sé á byrgð stjórnvalda að draga úr launaójöfnuði árin 2009 og 2020. Heimild: International Social Survey 2009 og 2020.

Samandregið sýna rannsóknir því að mikill meirihluti Íslendinga telur launaójöfnuð of mikinn hér á landi. Samfélagspróun í átt að meiri tekjuskiptingu er ekki í samræmi við óskir og væntingar þorra almennings. Jafnframt hljóta spurningar að vakna um hvort stjórnmalahreyfingar séu sammála þessum mikla meirihluta þjóðarinnar. Hér er sérstaklega mikilvægt að benda á að nýjustu gögnunum er safnað í COVID-heimsfaraldrinum og endurspegla því viðhorf almennings í því samfélagsástandi. Það hlýtur að vera krafa á stjórnvöld að taka tillit til þessara viðhorfa þegar teknar eru afdrifaríkar ákvarðanir um viðbrögð við COVID-kreppunni.

Ójöfnuður á Íslandi

Þjóðfélagsumræða var lengi á þann veg að Ísland skæri sig frá flestum ríkjum þar sem jöfnuður væri hér meiri en þekktist víðast hvar annars staðar og stéttskipting nánast óþekkt. Líklegt er að minni formfesta í samskiptum fólks en oft tíðkast meðal fjölmennari þjóða haft einhver áhrif á þá afstöðu. Fræðafólk hefur sýnt fram á að hugmyndir um jöfnuð og stéttleysi Íslendinga hafa trúlega aldrei staðist gagnrýna athugun. Á það ekki síst við um fyrri helming 20. aldar eða fram að síðari heimsstyrjöld en þá var mikill munur á kjörum alþýðufólks og ráðandi stétta.² Þannig var því einnig farið á 19. öld líkt og fram kemur í

² Sjá nánari umfjöllun í bók Stefáns og Arnaldar Sölva Ójöfnuður á Íslandi.

þekktum íslenskum ritverkum sem lýsa hróplegri fátækt og ójöfnuði.³ Sýn Íslendinga til eigin samfélags hefur því að einhverju leyti verið goðsögn um félagslegan jöfnuð.⁴

Í rannsóknum Guðmundar Ævars Oddssonar á stéttavitund Íslendinga hefur komið fram jákvæð fylgni á milli stéttavitundar og ójöfnuðar í tekjuskiptingu. Á árunum 1995–2008 jókst stéttavitund Íslendinga jafnt og þétt en á þessum sama tíma fór ójöfnuður vaxandi. Þegar dró úr ójöfnuði eftir fjármálahrunið, fór stéttavitund samhliða minnkandi.⁵ Með fjármálahruninu lauk tímabili sem einkenndist af stjórnlausri auðsöfnun nýrrar forréttindastéttar og glæpsamlegum fjármálagjöfningum. Á þeim árum var ójöfnuður í sögulegu hámarki eftirstríðsáranna.⁶

Íslenskt samfélag tók algjörum stakkaskiptum og nútímavæddist á miklum hraða frá árunum eftir síðari heimstyrjöld og fram til um 1995. Líkt og á öðrum Norðurlöndum einkenndist þjóðfélagsgerðin af því sem hefur verið kennt við „norræna velferðarlíkanið“ og vísar til sterkra velferðarkerfa og áherslu á jöfnuð og jafnrétti. Á þessum árum færðist Ísland nær nágrannaríkjum á flestum mælikvörðum velferðar og félagslegs hreyfanleika með tilliti til stétta og tekjuhópa. Til varð ný millistétt með annars konar eignamyndun en áður hafði þekkt. Ísland var fjarri því stéttlaust samfélag, ekki frekar en önnur Norðurlönd, og Íslendingar unnu meira og nutu minni ríkisaðstoðar.⁷

Á sama tíma var skattbyrði hátekjufólks minnkuð hér á landi og álögur á lágtekjuhópa auknar

Þetta samfélagslíkan jöfnuðar varð undir eftir aldamótin 2000 þegar teknar voru pólitískar ákvarðanir sem lutu að skattlagningu, tilfærslukerfinu og velferðarkerfinu, auk þess sem ráðist var í umfangsmiklar einkavæðingar og regluverki fjármála og atvinnulífs breytt. Við tók stutt en afdrifaríkt tímabil bóluhagkerfis, nýfrjálshyggju og markaðsvæðingar.

Vísbendingar um langtímaþróun tekjuskiptingar á Íslandi benda ekki til mikilla breytinga frá 1963 til loka níunda áratugarins. Jöfnuður ráðstöfunartekna jókst milli 1988 og 1993 en milli 1995 og 2007 óx ójöfnuður mjög hratt. Líkt og sjá má á mynd 3 jókst Gini stuðulinn um 15 stig á þessu tímabili, sem talin er mjög mikil aukning.⁸ Þessa aukningu má að hluta rekja til breiðara bils milli heildartekna fyrir skatt en einnig til minnkandi jöfnunaráhrifa skattkerfisins. Minni jöfnunaráhrif skattkerfisins skýra um fjórðung aukningar á ójöfnuði ráðstöfunartekna og ójöfnuður heildartekna skýrir um ¾ af aukningunni.

³ Sjá t.a.m sjálfsævisögu Tryggva Emilssonar í *þremur bindum*


⁴ Þorbjörn Broddason og Keith Webb. 1975. „On the Myth of Social Equality in Iceland”. *Acta Sociologica*. Vol. 18 issue: 1, bls. 49-61.

⁵ Guðmundur Ævar Oddsson. (2016). “Neoliberal Globalization and Heightened Awareness of Class Divisions in Iceland”, í *Sociological Quarterly* 57(3), 462-490. Guðmundur mælir stéttarvitund með tíðni umfjallana um viðfangsefnið.

⁶ Sjá 5. kafla Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2017).

⁷ Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, *Ójöfnuður á Íslandi*, útg. 2017.

⁸ Gini-stuðulinn er mælikvarði á ójöfnuð tekna og mælir í einni tölu milli 0 og 100 hvernig samanlagðar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu allra einstaklinga í landinu dreifast. Hátt gildi táknar mikinn ójöfnuð og stuðullinn væri 100 ef sami einstaklingur hefði allar tekjurnar en 0 ef allir hefðu jafnar tekjur. Anthony Atkinson, sem var einn helsti sérfræðingur í tekjuskiptingu, telur hækkun Gini-stuðulsins um 3 stig á stuttum tíma vera hagfræðilega marktæka. Atkinson, A. B. (2003). *Income inequality in OECD countries: Data and explanations* (Working Paper No. 881). München: CESifo, Univ. Munich.



Mynd 3 Tekjujöfnuður (bæði fyrir heildartekjur og ráðstöfunartekjur) ásamt jöfnunaráhrifum skattkerfisins (mælt sem mismunur á ójöfnuði heildartekna og ráðstöfunartekna), frá 1992 til 2019. Ójöfnuður er mældur með Gini ójafnaðarstuðlum. Árin 1997-2019 er miðað við fjölskyldur. Gögnunum er skeytt við gögn um hjón fyrir árin 1992-1996.⁹ Heimildir: Skatturinn og Hagstofa Íslands.

Lágtekjufólk á Íslandi jók heildartekjur sínar um 43% á föstu verðlagi frá 1992 til 2007. Á sama tímabili hækkuðu tekjur lægstu 90% framteljenda að meðaltali um 66%. Auðugustu 10% hækkuðu tekjur sínar langt umfram þetta. Tekjuhæsta eina prósentíð jók tekjur sínar um 653% og tekjuhæsta 0,1 prósentíð hækkaði um 1.731% á þessum 15 árum. Breytingar á hæstu launum hér á landi voru hraðari en í Bandaríkjunum en þau eru það vestræna ríki þar sem ójöfnuður er hvað mestur. Á sama tíma var skattbyrði hátekjufólks minnkuð hér á landi og álögur á lágtekjuhópa auknar. Einnig var dregið úr stuðningi við lægri tekjuhópa í formi barnabóta, húsaleigubóta og vaxtabóta og annarra tilfærslukerfa sem almennt draga úr ójöfnuði.¹⁰


Hrun íslenska fjármálakerfisins leiddi til meiri jöfnuðar í þeim skilningi að tekjur þeirra tekjuhæstu lækkuðu hlutfallslega mest, ekki síst fjármagnstekjur. Gini-stuðullinn lækkaði um níu stig frá 2007 til 2010. Það var að hluta til vegna þess að tekjubilið minnkaði en einnig vegna þess að jöfnunaráhrif skattkerfisins jukust á ný vegna margvíslegra aðgerða stjórnvalda. Á hitt ber að líta að skuldakreppa fylgdi hruninu, nauðungarsölum fjölgaði og skuldastaða þeirra eignaminni versnaði stórlega. Eignaójöfnuður jókst töluvert á árunum 2007 til 2010, fyrst og fremst vegna versnandi skuldastöðu eignaminni heimila. Stóreignafólk tapaði því hlutfallslega minna af eignum sínum en lægri- og millitekjuhópar og gat tekið þátt í upprisu hagkerfisins á ný, sem skilaði síðan vaxandi fjármagnstekjum í efnahagsuppsveiflunni í kjölfar hrunsins.

Efnuðustu 30% landsmanna eiga 92% hreinna eigna

⁹ Heildartekjur eru laun, tekjur af atvinnurekstri, fjármagnstekjur (arður, leigutekjur, söluhagnaður og vaxtatekjur), greiðslur frá lífeyrissjóðum og tilfærslur frá almannatryggingum (greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, atvinnuleysisbætur o.fl.). Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur að frádregnum beinum sköttum og að viðbættum barna- og vaxtabótum.

¹⁰ Sjá Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2017) og skýrslu ASÍ um skattbyrði launafólks frá 1998–2016: <https://www.asi.is/media/313671/skattbyrði-launafólks-1998-2016.pdf>

Þegar horft er til almennings á Íslandi er það svo að mikill meirihluti þjóðarinnar, allt að 70%, á engar eða litlar eignir umfram skuldir. Þau 10% heimila sem verst standa eru með neikvætt eigið fé upp á tæpar 7 milljónir króna, þ.e. þau skulda um 7 milljónum króna meira en þau eiga. Efnuðustu 30% heimila eiga 92% hreinna eigna á meðan að neðstu 50% heimila eiga samtals 0,8% hreinna eigna. Eignastaðan er þannig skýr birtingarmynd ójöfnuðar.



Mynd 4 Eigið fé (eignir að frádregnum skuldum) fjölskyldna, meðaltal tíundarhluta 2019. Heimild: Hagstofa Íslands.

Á árunum eftir hrun fjármálakerfisins og einkum frá 2011 þegar hagkerfið náði viðspyrnu hafa fjármagnstekjur farið vaxandi líkt og eðlilegt mátti teljast. Á árunum 2011–2017 jókst vægi fjármagnstekna sem hlutfall heildartekna hjá öllum framteljendum úr 6% í 8,7%. Hjá tekjuhæstu heimilum var aukningin mun meiri.¹¹ Á næstu tveimur árum lækkaði hlutdeild þeirra lítillega.

Fjármagnstekjur eru allar uppgefnar vaxtatekjur auk söluhagnaðar, arðs, leigutekna og tekna af atvinnurekstri og sæta slíkar tekjur annarri og lægri skattlagningu en launatekjur. Fjármagnstekjur renna alla jafna að stærstum hluta til þeirra eignamestu og tekjuhæstu. Þá ber að líta til þess að skattagögn undanskilja hagnað sem ekki er greiddur í arð. Það vanmetur mældan ójöfnuð talsvert.¹² Tekjuójöfnuður mælist þó enn mun minni en á árunum í aðdraganda fjármálahrunsins. Drifkraftar ójöfnuðar eru engu að síður undirliggjandi og nýtt fjármagn ratar einkum þangað þar sem það er mest fyrir.¹³

Svipað gildir um eigið fé landsmanna þ.e.a.s. fjárhagsstöðu viðkomandi þegar skuldir hafa verið dregnar frá eignum. Gera verður fyrirvara við þessa útreikninga bæði vegna þess að hlutabréf eru skráð á nafnvirði en ekki markaðsvirði og vegna þess að eignir í skattaskjólum eru almennt ekki taldar með.¹⁴ Þannig má telja víst að eigið fé auðugustu tíundar landsmanna sé talsvert meira en opinberar tölur segja fyrir um.¹⁵

¹¹ Hjá tekjuhæstu 10% hjóna fór vægi fjármagnstekna úr 15,3% í 32,2%, hjá tekjuhæsta 1% fór vægið úr 41,4% í 71,8%. Hjá þeim hópi var vægi fjármagnstekna hæst árið 2007, þá var það 85,6% (Heimild: Skatturinn).

¹² Sjá t.d. þessa rannsókn frá Noregi <https://www.ssb.no/inntekt-og-forbruk/artikler-og-publikasjoner/ulikheten-betydelig-storre-enn-statistikken-viser>.

¹³ Kjarninn hefur fjallað ítarlega um hvernig nýr auður ratar að mestu til þeirra sem mest eiga fyrir. Sjá t.d. <https://kjarninn.is/skyring/2020-09-23-rikustu-tiu-prosent-landsmanna-eiga-taeplega-thrju-thusund-milljarda-i-eigin-fe/> og <https://kjarninn.is/skyring/tekjuhaesta-eitt-prosent-landsmanna-tok-til-sin-naestum-helming-allra-fjarmagnstekna/>

¹⁴ „Eignir Íslendinga á aflandssvæðum“, skýrsla Fjármála og efnahagsráðuneytisins. Í mánaðaryfirliti sviðs stefnumótunar og greiningar hjá ASÍ í maí er líka fjallað um aflandseignir Íslendinga.

¹⁵ Í bókinni Ójöfnuður á Íslandi er fjallað um þetta.

Hafa efnahagskreppur aukinn ójöfnuð í för með sér?


Efnahags- og fjármálakreppur koma almennt þyngst niður á þeim hópum sem lægstar hafa tekjurnar. Rannsóknir Stefáns Ólafssonar o.fl. frá 2019¹⁶ sýndi að tekjulægsti þriðjungur Evrópuþjóða varð í mestum mæli fyrir auknum fjárhagsþrengingum í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 og almennt er tekjulægra fólk líklegra til að missa störf sín í efnahagskreppum.

Tjón hinna efnaðri í kreppum felst oftast í verðhruni eða tapi eigna t.a.m. verðbréfa, sem getur verið tímabundin verðmætaminnkun. Efnað fólk ver hins vegar hlutfallslega litlu af tekjum sínum til nauðpurfta á meðan hin tekjulægstu verja stærstum hluta launa sinna til

kaupa á nauðsynjum. Hin efnaðu leggja fé fyrir og fjárfesta en þau sem neðst standa í launastiganum ráða ekki yfir neinu fjármagni umfram það sem gerir þeim kleift að draga fram lífið frá degi til dags.

Efnahags- og fjármálakreppur koma almennt þyngst niður á þeim hópum sem lægstar hafa tekjurnar

Fyrirliggjandi upplýsingar benda til að COVID-kreppan sé engin undantekning. Víðast hvar á Vesturlöndum hafa hin ríku aukið auð sinn síðustu misserin, ekki síst sökum mikillar hækkunar hlutabréfa í kauphöllum og hækkunar á húsnæðisverði. Þær hækkanir eru mikið til komnar vegna aðgerða hins opinbera og stofnana þess. Sambærileg þróun hefur átt sér stað hérlendis. Í fyrra hækkuðu skráð hlutabréf um tæplega 25% í íslensku kauphöllinni og hafa hækkanir einkennt fregnir úr kauphöllinni þetta ár. Þá hafði vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu í marsmánuði 2021 hækkað um 10,7% á síðustu 12 mánuðum á undan.




Mynd 5 Þróun íbúðaverðs. Mynd fengin af síðu Þjóðskrár Íslands.

¹⁶ Sjá bókina *Welfare and the Great Recession: A Comparative Study*

Hækkanir þessar eru, að hluta til hið minnsta, viðbragð við lágum vöxtum. Í lágvaxtaumhverfi eykst svigrúm heimila til skuldsettra húsnæðiskaupa en þar að auki ýta fjárfestingar hinna betur stæðu upp verði á hlutabréfum og fasteignum. Sá hópur hagnast mest á vaxtalækkunum, bæði vegna minni kostnaðar við fjármögnun og þeirra hækkana sem lágir vextir valda á verði annarra eigna þeirra. Lágir vextir breyta litlu fyrir eignamyndun þeirra sem ekkert eiga og fólk sem á einhverjar krónur í banka beinlínis tapar á þeirri „sparifjáreign“.

Ójöfnuður birtist ekki einvörðungu í ólíkum launum ríkra og fátækra. Fjármála- og efnahagskreppur geta ýkt aðstöðumun hópa og stétta. Þannig virðist því farið um kreppuna vegna kórónuveirunnar. Sum erfiðustu störfín (og um leið þau verst launuðu) hafa orðið erfiðari vegna sóttvarnaráðstafana og smithættu, á sama tíma og hluti millistéttarinnar og hin tekjuhæstu hafa getað breytt vinnutilhögun sinni. Þær stéttir sem lægstar hafa tekjurnar sinna oftast en ekki nauðsynlegum þjónustu- og umönnunarstörfum og á það t.d. við um starfsfólk sjúkrahúsa, leikskóla og dvalarheimila, afgreiðslufólk og ræstingafólk. Þessir hópar hafa einnig verið mun líklegri en aðrir hópar til að vera útsettir fyrir smiti. Láglaunafólkið er jafnframt líklegri en aðrir til að sinna störfum sem lögðust af í faraldrinum, svo sem á hótélum, veitingastöðum og í ferðaþjónustu. Til samanburðar þá eru stórir hópar fólks á Íslandi sem hafa lítið eða ekkert fundið fyrir efnahagsáhrifum kórónuveirufaraldursins og kaupmáttur launa hefur almennt aukist um 5,6 prósent frá því að faraldurinn hófst.



Mynd 6 Þróun vísitölu kaupmáttar launa frá mars 2020 til apríl 2021. Heimild: Hagstofa Íslands.

Þau sem hafa misst vinnu hafa orðið fyrir mestri kjaraskerðingu í kreppunni og bera hlutfallslega mestar byrðar af henni. Í Vinnumarkaðsskýrslu ASÍ, sem kom út í maí 2021, kemur fram að þau sem misstu störf í kjölfar Covid-19 voru að meðaltali með um 26% lægri tekjur fyrir atvinnumissi en aðrir fullvinnandi einstaklingar. Tekjufall atvinnuleitenda er verulegt, eða að jafnaði um 37% á fyrstu mánuðum atvinnuleysis, þrátt fyrir tekjutengdar atvinnuleysisbætur. Byrðar samdráttarins hafa dreifst á minni og viðkvæmari hóp en í öðrum íslenskum kreppum, þ.e. fyrst og fremst í gegnum atvinnumissi og tekjufall atvinnulausra og síður í gegnum verðbólgu og almenna lækkun raunlauna.¹⁷

Faraldurinn hefur einnig aukið ójöfnuð milli ríkja þar sem hin auðugri geta betur komið atvinnulífinu til hjálpar og haldið uppi heilsugæslu og annarri samfélagsþjónustu með skuldsetningu. Þá hefur misskipting bóluafna haft þau áhrif að fátækari ríki eiga enn erfiðara með að ná tökum á bæði kórónuveirufaraldrinum og afleiddri kreppu.

¹⁷ Sjá skýrslu ASÍ um íslenskan vinnumarkað: https://www.asi.is/media/317291/vinnumarkadsskyrsla_2021.pdf

Áhrif COVID-kreppunnar

Þær efnahagsþrengingar sem kórónuveirufaraldurinn hefur valdið eru um margt einstakar og er þá ekki síst vísað til þess að tiltekna atvinnugreinar hafa dregist svo saman að fá dæmi eru um viðlíka atburðarás. Faraldurinn hefur lagt ferðapjónustu, eina stærstu útflutningsgrein Íslands, á hliðina og áhrifin hafa einnig verið mikil á sviði tiltekinnar þjónustugreina, menntunar, lista, menningar o.fl.¹⁸

Greiningar sérfræðingahóps verkalyðshreyfingarinnar og fleiri hér á landi hafa dregið fram þessa mynd og þá hópa sem einkum verða illa úti sökum faraldursins í efnahagslegu tilliti. Atvinnuhrun í ferðapjónustu og tengdum greinum kemur af miklum þunga niður á verkafólki og er hlutur aðflutts verkafólks þar mikill. Listafólk og einyrkjar hafa orðið fyrir talsverðum tekjumissi. Ungt fólk líður sérstaklega fyrir samdrátt í atvinnutækifærum. Atvinnuleysi fer vaxandi meðal háskólamenntaðra en sú þróun var hafin talsvert áður en faraldurinn reið yfir.

Þeir afmörkuðu hópar sem orðið hafa fyrir mestu tjóni tilheyra almennt tekjulægri hópum í samfélaginu. Á sama tíma hafa aðrir hlutar hagkerfisins haldið velli.

Þeir afmörkuðu hópar sem orðið hafa fyrir mestu tjóni tilheyra almennt tekjulægri hópum í samfélaginu. Á sama tíma hafa aðrir hlutar hagkerfisins haldið velli. Kaupmáttur launa hefur hækkað á þessum þrengingatímum en þar eru undanskilinn rúmlega 20.000 manns sem misst hafa störf sín og þurfa að treysta á atvinnuleysisbætur eða aðstoð sveitarfélaga. Það er því mikill afkomumunur á milli samfélagshópa.

Yfir helmingur atvinnulausra hafði neitað sér um heilbrigðisþjónustu á sex mánaða tímabili

Ójöfnuður er í senn áhrifaþáttur í COVID-kreppunni og afleiðing hennar. Ójöfnuður eða stéttskipting er áhrifaþáttur í þeim skilningi að láglaunahópar, ekki síst kvenna og erlendra ríkisborgara, hafa verið í framlínu hinna samfélagslegu viðbragða við faraldurinn innan heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfisins. Faraldurinn hefur í senn gert störf þeirra erfiðari t.a.m. vegna lokana, aukins álags og annarra sóttvarnarráðstafana, auk þess sem

þessir hópar hafa eðli starfa sinna vegna verið í meiri smithættu en flestir aðrir. Tekjufall og langvarandi atvinnuleysi tugþúsunda er augljóslega fallið til að auka ójöfnuð í samfélaginu í efnahagslegu tilliti. Jafnframt er mikilvægt að horfa til félagslegrar stöðu þeirra hópa sem fyrir mestum áföllum verða og líða fyrir minni menntun, tungumálaörðugleika eða annars konar jaðarsetningu. Holtt er að minnast þessa þegar fjallað er um áhrif kreppunnar á aðflutt launafólk.

¹⁸ Sjá mynd 1.2 í skýrslu Kjaratölfræðinefndar frá apríl 2021.

Í ljósi þess sem að framan er ritað má því segja að faraldurinn hafi dregið fram í sterkari litum þann ójöfnuð sem fyrir er í samfélaginu og aðstöðumuninn sem efnahagur, atvinnuöryggi, uppruni, tengslanet og fleiri mótandi þættir skapa. Því veldur áhyggjum að ætla má að áhrif faraldursins og þrenginganna sem hann hefur í för með sér verði langvarandi og hefur verið rætt um COVID-áratuginn í því samhengi.¹⁹

Í beinu framhaldi er mikilvægt að huga að áhrifum atvinnuleysis og fátæktar á heilsu og velferð. Í könnun Vörðu, rannsóknarstofnunar vinnumarkaðarins, frá því í febrúar 2021 á stöðu launafólks og atvinnuleitenda sem eru félagar í aðildarfélögum ASÍ og BSRB, koma fram sláandi upplýsingar um mun á líðan fólks eftir stöðu á vinnumarkaði. Atvinnulausir eiga erfiðara en launafólk með að ná endum saman, fleiri í þeirra hópi hafa þegið matar- og/eða fjárhagsaðstoð og líða efnislegan skort. Innan við helmingur atvinnulausra býr í eigin húsnæði. Andleg og líkamleg heilsa atvinnulausra er verri og þeir eru líklegri til að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Andleg heilsa rúmlega 40% atvinnulausra mælist slæm en rúmlega 20% launafólks. Yfir helmingur atvinnulausra hafði neitað sér um heilbrigðisþjónustu á sex mánaða tímabili fyrir gerð könnunarinnar. Könnunin leiðir í ljós marktækan mun á launafólki og atvinnulausum.

Óöryggi og fjárhagsáhyggjur hafa mikil áhrif á líðan fólks. Tíðar breytingar á búsetu og skóla geta valdið kvíða og skapað margháttadan félagslegan vanda hjá börnum og ungmönnum.²⁰ Aukinn ójöfnuður hvað heilsu og aðgang að heilbrigðisþjónustu varðar er raunveruleg samfélagsógn og verði ekki brugðist við af festu er hætt við að samfélagið verði fyrir miklum skaða. Ástæða er til að óttast að félagslegur hreyfanleiki minnki og stéttskipting aukist í landinu í framhaldi af hinum efnahagslegu afleiðingum kreppunnar verði ekki gripið inn í þróunina.²¹

¹⁹ Sjá umfjöllun í fyrri skýrslu sérfræðingahópsins um Opinber fjármál sem kom út í maí 2021.

²⁰ Sjá t.d. Burgard, S. A., Brand, J. E., & House, J. S. (2007). Toward a better estimation of the effect of job loss on health. *Journal of Health and Social Behavior*, 48(4), 369-384. doi:10.1177/002214650704800403 og Johnson, R. C., Kalil, A., & Dunifon, R. E. (2012). Employment patterns of less-skilled workers: Links to children's behavior and academic progress. *Demography*, 49(2), 747-772. doi:10.1007/s13524-011-0086-4doi:10.1086/381258

²¹ Sjá t.d. umfjöllun Landlæknisembættisins í skýrslunni Ójöfnuður í heilsu sem kom út í maí 2021: https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item46225/Ojofnudur_i_heilsu_LOK.pdf Í fyrri skýrslum sérfræðingahópsins er bent á að kreppan sé K-laga, það er að sumir efnast á henni en aðrir hafa enn minna á milli handanna.

Lokaorð

Ójöfnuður er ekki náttúruleg mál heldur eykst hann og minnkar í takti við ákvarðanir sem eru teknar á vettvangi stjórnmalanna. Þetta má sjá á þeim áhrifum sem nýfrjálshyggjutímabilið hafði á ójöfnuð á Íslandi. Enn er ekki ljóst hver áhrif COVID-kreppunnar verða á ójöfnuð en það ræðst að miklu leyti af aðgerðum stjórnvalda og baráttunni gegn langtímaatvinnuleysi. Ljóst er að sá stóri hópur fólks sem missti vinnu sína vegna COVID-faraldursins hefur orðið fyrir mikilli lífskjaraskerðingu. Sá hópur samanstendur að miklu leyti af einstaklingum sem voru í lægri tekjubílum fyrir og í veikri stöðu til að takast á við tekjufall. Enn hefur ekki tekist að draga úr því háa hlutfalli ungmenna sem er hvorki í námi né vinnu en sá hópur óx hratt í kringum fjármálahrunið.

Yfir sumarið mun smám saman skýrast hversu vel aðgerðir stjórnvalda, samhliða opnun landamæra, munu duga til að draga úr atvinnuleysi. Lausnina við langvinnu skaða af COVID-kreppunni er að finna í norræna velferðarlíkaninu og kallar á velferð og öryggi fyrir alla. Með sterkri afkomutryggingu, samhliða öflugri atvinnuuppbyggingu, má fyrirbyggja afkomuvanda til frambúðar, sem að öðrum kosti getur valdið miklum kostnaði annars staðar í kerfinu í framtíðinni. Þá þarf að halda áfram að efla grunninviði landsins með það að markmiði að byggja upp gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu og þétt velferðarnet sem grípur fólk þegar á bjátar. Um leið er mikilvægt að hvergi verði hvikað frá þeirri meginhugsun að fjárhagur eigi ekki að ráða aðgengi að menntun, heilbrigðisþjónustu og umönnun. Slík markaðsvæðing minnkar gæði þeirrar þjónustu sem veitt er og lækkar laun þeirra sem þjónustuna veita.

Tíminn til aðgerða er núna.